

Minnisblað að loknum fundi forsætisráðherra, Katrínar Jakobsdóttur með Landssambandi smábátæigenda og Strandveiðifélagi Íslands

14. ágúst 2023

- Í álit Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna hinn 24. október 2007 segir að íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið brjóti á jafnræði/mannréttindum borgaranna um atvinnufrelsi og rétt til að velja sér búsetu. Viðbrögð stjórnvalda voru að heita allsherjarskoðun á íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu í náinni framtíð með breytingar í huga þannig að komið verði til móts við kröfur mannréttindanefndarinnar, eftir því sem unnt væri.
- Strandveiðikerfið er ekki afrakstur af allsherjarskoðun á íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu. Hins vegar geta stjórnvöld sagt það vera svar við álit mannréttindanefndarinnar.
- Strandveiðikerfið er eini gluggi almennings (ásamt grásleppuveiðum) inn í fiskveiðarnar. Þetta eru sóknarmarkskerfi og passa því engan veginn inn í aflamarkskerfi. Fyrsta grein laga um stjórn fiskveiða kveður skýrt á um að nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.
- Rýmið sem þessar veiðar þurfa eiga að vera forgangsmál í upphafi hvers fiskveiðiárs en ekki afgangsstærð eins og raunin hefur verið allt frá upphafsári strandveiðikerfisins 2009.
- Rökin fyrir eflingu strandveiða:
 - Umhverfisrök: Strandveiðar eru umhverfisvænustu veiðarnar, hvort sem litið er til kolefnisspors, röskunar á lífríki sjávar, meðafla eða plastmengunar.
 - Gæðarök: Afli strandveiða er fyrsta flokks vara sem er eftirsótt á dýrustu ferskfiskmörkuðum heims, enda er söluverð á strandveiðifiski umtalsvert hærra en skuttogarafiski.
 - Byggðarök: Strandveiðar eru mikilvægur liður í því styrkja hinar dreifðu byggðir og glæða sjávarpláss nýju lífi. Kosturinn við strandveiðar er að þær eru alfarið sjálfsprottin grasrótarlausn á byggðavandanum. Þeim fylgir enginn kostnaður fyrir skattgreiðendur.
 - Sjálfstæðisrök: Strandveiðar opna dyr fyrir þá sem vilja stunda sjósókn óháð ákvarðanatöku stórútgerðarinnar.
- Strandveiðar njóta mikillar velvildar meðal þjóðarinnar. Samkvæmt skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands vilja 72,3% Íslendinga að hærra hlutfall aflaheimilda renni til strandveiða.

- Aflamark hvers árs miðast við vísindalega ráðgjöf. Mikil vantrú ríkir meðal sjómanna á ráðgjöf Hafró. Það er tvennt ólíkt að hafa hana til hliðsjónar eða sem trúarbrögð:
 - Í greinargerð Jóhanns Sigurjónssonar frá október 2022 um haf- og fiskirannsóknir segir orðrétt: „Við endurskoðun aflareglu fyrir þorsk hefur ítrekað fengist sama niðurstaða um að 20–22% veiðihlutfall sé skynsamlegt markmið og tryggi sjálfbærni veiðanna.“ 20% talan er því ekki heilög og hafa má í huga að strandveiðiafli hefur að jafnaði verið innan við 1% af útreiknuðum veiðistofni þorsks.
 - Minna má á, að hér var notuð aflaregla upp á 25% frá 1995-2005 en hún síðan lækkuð og frá 2007 hefur verið notuð 20% aflaregla. Veiðiárin 2004/2005 var ráðgjöfin 205 þús. tonn af þorski en nú (2022/2023) 18 árum síðar er hún 208 846 tonn. Þetta þýðir að breytileiki í aflareglu hefur ekki breytt neinu í „uppbyggingu“ þorskstofnsins.
- Það er grundvallaratriði að staðið verið við það lagaákvæði um „að hverju skipi sé heimilt að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga á mánuði mánuðina maí, júní, júlí og ágúst.“ Það verður aldrei hægt meðan strandveiðarnar eru tengdar kvótakerfinu með tilteknu aflahámarki. Það er raunar í mótsögn við rökhugsun og fer einnig gegn álitum Mannréttindanefndar SP frá 2007 um framkvæmd kvótakerfisins.

Allt að 5 ára tilraun um framkvæmd strandveiða

Þeirri hugmynd var varpað fram á fundinum með forsætisráðherra að gera 3 - 5 ára tilraun með að leyfa 4 x 12 veiðidaga á strandveiðum (skv. lögum) án þess að setja upp tiltekið heildaraflamark á þær og skoða síðan reynsluna að því er varðar þróun þorskstofnsins, fjölda báta sem og byggðapólitíska þróun. Rökin fyrir þessari hugmynd eru eftirfarandi:

1. Með þessu fyrirkomulagi hyrfti öll keppni milli svæða, staða og útgerða úr strandveiðikerfinu. Öryggið væri í fyrirrúmi.
2. Ef strandveiðiafli er tekinn út úr aflamarkskerfinu yrði svokallaður 5,3% pottur minnkaður niður í ca 3% ef menn vilja halda því sem þar er að finna óbreyttu (línuvinnun, byggðakvóti, tómsundaveiðar o. fl.). Strandveiðiafli væri því ekki „tekinn af“ neinum „kvótæigendum“ og togstreita milli þeirra og strandveiðiútgerða myndi hverfa.
3. Með því að skilja að aflamarkskerfið og sóknarkerfi strandveiða væri verið stuðla að meiri sátt meðal sjómanna þótt fleira þurfi væntanlega að koma til að ná sátt við þjóðina.
4. Fullkominn fyrirsjáanleiki yrði fyrir alla aðila sem hagsmuna eiga að gæta; sjómenn, fiskkaupendur, fjölda landfyrirtækja og sveitarfélaga/hafna að ekki sé talað um þá sem flytja ferskan fisk á erlenda markaði.

5. Samkvæmt fv. forstjóra Hafró getur sk. aflaregla verið 20 - 22% án þess að það hafi nein áhrif á þróun stofnsins. Í þessari tilraun væri aflaregla upp á 20% áfram í gildi en strandveiðiafli sem hingað til hefur verið að jafnaði verið innan við 1% af útreiknuðum þorsstofni myndi hugsanlega fara í 1 - 1,5% af veiðistofninum en vera samt innan þess ramma sem ekki er talinn valda neikvæðum áhrifum á þróun hans.
6. Í ljós kæmi hvort um „stjórnlausu“ fjölgun báta yrði að ræða á tímabilinu. Hafa verður í huga að nánast allir sem stunda strandveiðar eru virkir atvinnusjómenn eða menn sem hafa mismikla reynslu af fiskveiðum. Þeir fáu sem ekki fylla þennan hóp eru oftast fyrrverandi og/eða eldri sjómenn með mismikla og misgamla reynslu af fiskveiðum. Hér verður að hafa í huga að fyrir um aldarþriðjungi voru fiskveiðisjómenn hér á landi rúmlega 6 000 en eru nú um 2 500. Það fækkar því ört í „heldri manna“ hópi strandveiðimanna.
7. Aflabrögð á strandveiðum fara fyrst og fremst eftir veðri og fiskimagni á miðunum. Breytilegur afli allt í kringum landið yrði því mikilvæg viðbót við rannsóknargögn sem vísindamenn fengju þá aðgengi að.

Reykjavík 25. ágúst 2023

Arthur Bogason formaður LS

Magnús Jónsson í stjórn LS

Kjartan Páll Sveinsson formaður SSÍ